

# UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F8/2025

Reykjavík, 12. september 2025

Reykjavíkurborg  
Eðba Schram borgarlögmaður  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Vísað er til fyrri bréfaskipta vegna frumkvæðisathugunar umboðsmanns Alþingis í tilefni af fréttatflutningi af ætluðum breytingum á birtum fundargerðum Reykjavíkurborgar.

Í svari sveitarfélagsins til umboðsmanns 24. júlí sl. kemur fram að drög umsagnar skipulagsfulltrúa hafi fyrir mistök verið birt á vef Reykjavíkurborgar með fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa. Sú umsögn, sem síðar hafi verið sett inn á vefsíðu Reykjavíkurborgar með umræddri fundargerð, hafi verið sú umsögn, sem sannarlega hafi verið samþykkt á umræddum afgreiðslufundi og hún aðeins tekið breytingum við vinnslu hennar fram að fundinum 15. maí sl. Svari sveitarfélagsins fylgdi hjálögð umsögn skrifstofu stjórnsýslu og gæða á umhverfis- og skipulagssviði til borgarlögmanns í tilefni af fyrirspurn umboðsmanns. Í þeirri umsögn segir jafnframt að málсаðili hafi þann 16. maí sl. fengið upplýsingar um afgreiðslu málsins og afrit af umsögn skipulagsfulltrúa.

Með vísan til framangreinds og til að varpa gleggra ljósi á framangreinda atburðarás er þess óskað, sbr. 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að Reykjavíkurborg veiti neðangreindar upplýsingar og skýringar.

1. Er þess óskað að afhent verði afrit af öllum gögnum og samskiptum starfsmanna Reykjavíkurborgar varðandi framangreinda umsögn skipulagsfulltrúa og meðferð hennar. Þar með talið er þess óskað að afhent verði afrit:

a. Allra samskipta um vinnslu umsagnarinnar, bæði þegar hún var enn í þeim drögum, sem fyrir mistök voru birt, og hinnar endanlegu umsagnar.

b. Allra samskipta um málid eftir afgreiðslufund skipulagsfulltrúa 15. maí sl., þar með talið varðandi leiðréttið mistaka við birtingu fylgiskjala með fundargerðinni.

- c. Allra fundargagna afgreiðslufundarins um framangreint mál, afrits af boðun hans og þeim gögnum er henni fylgdu um málið, auk samskipta starfsmanna sveitarfélagsins um framangreint mál í aðdraganda fundarins.
  - d. Þeirra samskipta, sem vísað er til í umsögn skrifstofu stjórnsýslu og gæða hjá umhverfis- og skipulagssviði til borgarlögmanns, þar sem málсаðili mun 16. maí sl. hafa fengið upplýsingar um afgreiðslu málsins og afrit af umsögn skipulagsfulltrúa.
2. Þá er þess óskað að upplýst verði hvers vegna nafn viðkomandi starfsmanns fylgir þeirri umsögn, sem upprunalega var birt, en ekki þeirri sem síðar var birt.
3. Að endingu er þess óskað að upplýst verði hvers vegna fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa ber þess engin merki að fylgiskjali með henni hafi verið skipt út. Í því efni er sérstaklega haft í huga að fundargerðartextinn sjálfur ber ekki með sér hvers efnis hin samþykkta umsögn er heldur aðeins að sú umsögn, sem lögð er með fundargerðinni sem fylgiskjal, hafi verið samþykkt. Í því efni er þess óskað að upplýst verði hvort almennt tíðkist að birtum fundargerðum sveitarfélagsins og fylgiskjölum með þeim sé breytt eða fylgiskjölum skipt út án þess að slíkra breytinga sé getið í birtri útgáfu þeirra.

Þess er óskað að svör berist umboðsmanni eigi síðar en 29. september nk.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis

*Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir*  
Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir  
Skrifstofustjóri frumkvæðismála  
og OPCAT